



## KNATTSPYRNUSAMBAND ÍSLANDS

Aðildarfélög KSÍ  
Formenn/framkvæmdastjórar

Reykjavík, 18. mars 2011

### Breyting á reglugerð KSÍ um búnað knattspyrnuliða

Ágætu félagar

Stjórn KSÍ samþykkti á fundi sínum þann 18. mars eftirfarandi breytingu á reglugerð KSÍ um búnað knattspyrnuliða.

Breytingar eru ská- og feitletraðar.

Núgildandi grein 3 í reglugerð KSÍ um búnað knattspyrnuliða:

3. gr.

#### *Keppnistreyja*

- 3.1. Á baki skal vera vel greinanlegt númer og skulu tölustafirnir vera a.m.k. 25 cm háir.
- 3.2. Í barmi er heimilt að hafa merki eða nafn félags allt að 80 cm<sup>2</sup> stórt.
- 3.3. Í barmi er heimilt að hafa merki framleiðanda.
- 3.4. Á treyju að framan er heimilt að hafa auglýsingu allt að 700 cm<sup>2</sup> stóra.
- 3.5. Á baki fyrir ofan númer er heimilt að hafa auglýsingu allt að 200 cm<sup>2</sup> stóra eða nafn leikmanns en í því tilfalli skulu stafir vera að hámarki 7,5 cm háir.
- 3.6. Á baki fyrir neðan númer er heimilt að hafa auglýsingu allt að 200 cm<sup>2</sup> stóra.
- 3.7. Við hvora öxl að framan er heimilt að hafa auglýsingu allt að 70 cm<sup>2</sup> stóra.
- 3.8. Á kraga að framan er heimilt að hafa tvær auglýsingar allt að 35 cm<sup>2</sup> stórar.
- 3.9. Á hvorri ermi er heimilt að hafa auglýsingu allt að 70 cm<sup>2</sup> stóra. Þá er stjórn KSÍ heimilt að leyfa að auki auglýsingu á hvorri ermi hjá öllum félögum í tiltekinni deild fyrir sérstakan samstarfsaðila deildarinnar.
- 3.10. Félögum er heimilt að setja gylltar stjórnur á keppnistreyjur fyrir ofan félagsmerki sitt og fer fjöldi stjarna eftir því hversu marga Íslandsmeistaratitla viðkomandi félag hefur unnið í meistaraflokki. Fyrstu gylltu stjórnuna er heimilt að setja þegar félag hefur unnið 5 meistaratitla og síðan bætist við stjarna í fimmta hvert skipti eftir það. Stjórnurnar skulu að hámarki vera 2 cm háar.

Ný grein 3 í reglugerð KSÍ um búnað knattspyrnuliða:

3. gr.

*Keppnistreyja*

- 3.1. Á baki skal vera vel greinanlegt númer og skulu tölustafirnar vera a.m.k. 25 cm háir.
- 3.2. Í barmi er heimilt að hafa merki eða nafn félags allt að 80 cm<sup>2</sup> stórt.
- 3.3. Í barmi er heimilt af hafa auglýsingu allt að 70 cm<sup>2</sup> stóra.**
- 3.4. Í barmi er heimilt að hafa merki framleiðanda.
- 3.5. Á treyju að framan er heimilt að hafa auglýsingu allt að 700 cm<sup>2</sup> stóra.
- 3.6. Á baki fyrir ofan númer er heimilt að hafa auglýsingu allt að 200 cm<sup>2</sup> stóra eða nafn leikmanns en í því tilfalli skulu stafir vera að hámarki 7,5 cm háir.
- 3.7. Á baki fyrir neðan númer er heimilt að hafa auglýsingu allt að 200 cm<sup>2</sup> stóra.
- 3.8. Við hvora öxl að framan er heimilt að hafa auglýsingu allt að 70 cm<sup>2</sup> stóra.
- 3.9. Á kraga að framan er heimilt að hafa tvær auglýsingar allt að 35 cm<sup>2</sup> stórar.
- 3.10. Á hvorri ermi er heimilt að hafa auglýsingu allt að 70 cm<sup>2</sup> stóra. Þá er stjórn KSÍ heimilt að leyfa að auki auglýsingu á hvorri ermi hjá öllum félögum í tiltekinni deild fyrir sérstakan samstarfsaðila deildarinnar.
- 3.11. Félögum er heimilt að setja gylltar stjörnur á keppnistreyjur fyrir ofan félagsmerki sitt og fer fjöldi stjarna eftir því hversu marga Íslandsmeistararitla viðkomandi félag hefur unnið í meistaraflokki. Fyrstu gylltu stjórnuna er heimilt að setja þegar félag hefur unnið 5 meistararitla og síðan bætist við stjarna í fimmta hvert skipti eftir það. Stjörnurnar skulu að hámarki vera 2 cm háar.

#### ***Greinargerð:***

Með breytingunni er félögum heimilt að setja eina auglýsingu til viðbótar á barmi búnings auk þess sem heimilt er að merki framleiðanda íþróttafatnaðarins má birtast á barmi. Beiðnir hafa borist frá félögum um að bæta við einni auglýsingu umfram þess er kvað á um í fyrri reglugerð og því er þessi breyting gerð.

Skýringarmynd með reglugerð er jafnframt meðfylgjandi og birtist á heimasíðu KSÍ.

#### ***Breytingin tekur þegar gildi.***

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.  
Bestu kveðjur



Þórir Hákonarson  
framkvæmdastjóri KSÍ